

Kennsluáætlun haustið 2020-2021.

Fag: Golf

Bekkur: 8.-10.bekkur

Kennari: Haraldur Þórðarson.

Áfanginn er ætlaður þeim nemendum sem hafa áhuga á golfi. Tímarnir fara fram á mánudögum kl: 13:25 en þeir munu vera lengri en stundataflan segir til um eða allt að 2 x 40min. Þó að tíminn sé skráður kl: 13:25 þá hafa nemendur tíma til að gera sig klár til 13:30. Nemendur fá að klára áfangann fyrr eða um miðjan nóvember. Í upphafi verður farið yfir grunntækniatriði en svo fara nemendur á völlinn og spreyta sig. Allir tímarnir fara fram hjá Golfklúbbi Mosfellsbæjar fyrir utan fyrsta tíma. Lögð verður áhersla á spilakennslu og mismunandi þætti leiksins s.s leikskipulag og fl.

Námsmat: Allir nemendur fá einkunnir gefnar í bókstöfum(sjá hér fyrir neðan). Nemendur munu stutta ritgerð um golfbúnað í desember.

Í tímunum er mikilvægt að vera klædd eftir veðri og með gott nesti. Nemendur eiga að fara eftir settum reglum sem settar og vera skólanum til sóma. Nemendur koma með eigin áhöld þ.e.a.s golfsett. ATH. Að skólinn útvegar ekki golfáhöld og því er það á ábyrgð nemenda og forráðamanna að nemendur komi með áhöld í tímana.

Námsmat/Matsviðmið:

	D	C	B	A
Líkamsvitund, leikni og afkastageta.	Nemandi sýnir slaka ástundun og áhuga.	Nemandinn mætir og sýnir íþróttinni sjaldan áhuga. Mætir stundum tímanlega og er sjaldan tilbúinn í verkefni.	Nemandinn mætir vel og sýnir íþróttinni áhuga. Mætir tímanlega og er tilbúinn í verkefni.	Nemandi sýnir ávallt góða ástundun og áhuga á íþróttinni. Mætir alltaf tímanlega og er ávallt tilbúinn og undirbúin í verkefni.
Félagslegir þættir	Nemandi sýnir ekki og skynjar ekki mikilvægi	Nemandi sýnir nokkuð vel og skynjar mikilvægi	Nemandi sýnir og skynjar mikilvægi	Nemandi sýnir og skynjar mikilvægi virðingar og

Við lok árgangs geti nemandi:	virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann. Sýnir ekki hegðun, né virkni í tímum.	virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann. Sýnir nokkuð góða hegðun og virkni í tímum.	virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann. Sýnir mjög góða hegðun og virkni í tímum.	góðrar framkomu til að efla liðsandann. Sýnir framúrskarandi hegðun og virkni í tímum.
Heilsa og efling þekkingar. Við lok árgangs geti nemandi:	Nemandi sýnir litla þekkingu á helstu áhrif hreyfingar á líkamlega og andlega líðan og mikilvægi góðrar næringar fyrir vöxt og viðhald líkamans.	Nemandi sýnir nokkuð góða þekkingu á helstu áhrif hreyfingar á líkamlega og andlega líðan og mikilvægi góðrar næringar fyrir vöxt og viðhald líkamans.	Nemandi sýnir góða þekkingu á helstu áhrif hreyfingar á líkamlega og andlega líðan og mikilvægi góðrar næringar fyrir vöxt og viðhald líkamans.	Nemandi sýnir frammúrskarandi þekkingu á áhrifum hreyfingar á líkamlega og andlega líðan og mikilvægi góðrar næringar fyrir vöxt og viðhald líkamans.
Öryggis- skipulagsreglur. Við lok árgangs geti nemandi:	Nemandinn getur ekki tekið ákvarðanir á grundvelli öryggis- og umgengnisreglna og brugðist við óvæntum aðstæðum.	Nemandinn getur nokkuð vel tekið ákvarðanir á grundvelli öryggis- og umgengnisreglna og brugðist við óvæntum aðstæðum.	Nemandinn getur mjög vel tekið ákvarðanir á grundvelli öryggis- og umgengnisreglna og brugðist við óvæntum aðstæðum.	Nemandinn getur tekið frammúrskarandi ákvarðanir á grundvelli öryggis- og umgengnisreglna og brugðist við óvæntum aðstæðum.